



Árþing Bandalags íslenskra græðara 2005

Haldið í Baðstofunni, Prestastíg 7, Reykjavík, 26. maí 2005

1. Þingsetning

Formaður bandalagsins, Sigrún Sól Sólmundsdóttir, setti þingið kl. 19:50.

2. Kosning þingforseta og þingritara

Þingforseti var kjörin Hallfríður María Pálsdóttir og þingritarar kjörnar Birna Imsland og Olga Sverrisdóttir.

3. Fundargerðir

Hanna Sigríður Jósafatsdóttir las fundargerðir árþings 2004 og haustþings 2004. Báðar voru samþykktar einróma.

Staðfest var að til þingsins hefði verið boðað með löglegum hætti og að því loknu kynntu þingmenn sig.

4. Skýrsla formanns

Sigrún Sól las skýrslu formanns. Hún óskaði græðurum til hamingju með að eftir fjögurra ára vinnu hefði sá stóri áfangi náðst að frumvarp til laga um græðara var samþykkt á Alþingi 2. maí, með litlum breytingum, og þá aðeins græðurum í hag. Þverpólitísk samstaða var um málið og bárust heillaóskir frá Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki. Orðið *Græðari* er nú samheiti yfir þá sem stunda heilsutengda þjónustu skv. lögum, en er í orðabók gamalt heiti yfir lækni.

Sigrún tilkynnti varafulltrúaskipti hjá NSK og að við hefðum fengið tengil hjá Heilbrigðisráðuneytinu vegna skráningarkerfis og tryggingahönnuð hjá Tryggingamiðstöðinni. Einnig að næstkomandi haust komi stjórn NSK saman á Íslandi og að auk venjulegra fundahalda verði ráðstefna, málsverður og ball. Ennfremur verði afmælisveisla BÍG 30. nóvember.

Sigrún lauk ræðu sinni með því að tilkynna að hún gæfi ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður.

5. Reikningar

Eygló Benediktsdóttir, gjaldkeri, lagði fram reikninga, endurskoðaða af skoðunarmönnum. Spurt var um tilvik þar sem einstaklingar hafa greitt félagsgjöld til BÍG fram hjá fagfélagi. Staðfest var að svo verði ekki hér eftir, heldur skuli öll gjöld innheimt gegn um aðildarfélögin. Reikningarnir voru samþykktir einróma.

6. Tillögur til lagabreytinga

Engar tillögur bárust til lagabreytinga.

7. Skýrsla Dagnýjar

Dagný Elsa Einarsdóttir fjallaði um lög um græðara, sem Alþingi samþykkti á vorþingi. Hún sagðist hafa farið á fundi hjá aðildarfélögunum, rætt þar töluvert um lögin og rakti helstu atriði sem félagar hafa spurt um.

Í 7. grein laganna er talað um “takmarkanir á heilsutengdri þjónustu græðara.” Mörgum græðurum finnst hún mjög takmarkandi en Dagný áréttaði að lögin séu túlkuð þannig að greinin eigi fyrst og fremst við um fólk sem liggur inni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun og þiggi þar opinbera lækniþjónustu. Samkvæmt landslögum bera þeir, sem veita lækniþjónustu, ábyrgð á meðferðinni, en ekki á sjúklingnum, á sama hátt og græðarar bera nú ábyrgð á sinni þjónustu. Þar sem sjúklingur liggur á sjúkrahúsi og þiggur meðferð þar er sanngjarnt að hann hafi samráð við lækni sinn um aðra meðferð sem hann kýs. Hins vegar eigi sjúklingar rétt á að notfæra sér þjónustu græðara hvenær sem er án þess að hafa samráð við lækni. Í lögnum er hvergi skilgreint hvað flokkast sem alvarlegir sjúkdómar. En þetta túlkast þannig að græðari geti vissulega meðhöndlað þá sem hafa alvarlega sjúkdóma ef þeir veita sitt samþykki og ef meðferðin er til þess ætluð að efla heilunarkraft ónæmiskerfisins. Rétt er að taka fram að læknar lúta sóttvarnarlögum, eins og græðarar nú. Þar er átt við farsóttir, sjúkdóma á borð við berkla o.fl.

Í tengslum við lögin er hvatt til þess að heilbrigðisstofnanir móti sér stefnu varðandi þjónustu græðara. Við þurfum að fylgjast með því að heilbrigðisráðherra sendi þeim öllum bréf og minni þá á að sjúklingar þeirra hafi rétt á að nýta sér þjónustu græðara.

Mikið hefur verið spurt um virðisaukaskatt á þjónustu græðara. Lögin kveða ekki skýrt á um hvort þeir skuli greiða hann eða ekki. Dagný sagði það hafið yfir allan vafa að þeir sem yrðu á skrá yfir græðara yrðu undanþegnir virðisaukaskatti en Dagný túlkar lagasetninguna þannig að starfsemi græðara sé nú orðin “eiginleg heilbrigðisþjónusta,” þó græðarar séu ekki “heilbrigðisstétt”, og sé því almennt undanþegin virðisaukaskatti. Dagný lagði til að fulltrúi færi frá BÍG, talaði beint við skattayfirvöld fyrir hönd félagsmanna allra aðildarfélaga, benti á grein 5.8 á síðu 44 í skýrslu Heilbrigðisráðuneytisins um græðara, og fengi staðfestingu skattayfirvalda á undanþágu frá skatti. Hún áréttaði að ólíklegt væri að þessi lög hefðu orðið að veruleika nema fyrir samstöðu félaganna allra.

Spurt var um skráningu þeirra sem ekki hefðu áhuga á að vera í fagfélagi. Upplýst var að þeir myndu komast á skrá svo lengi sem þeir uppfylla menntunarkröfur BÍG og viðkomandi fagfélags.

Varðandi menntunarkröfur mun í reglugerð ráðherra verða skilgreint hvaða fagfélög fái aðgang að skránni og hvaða kröfur fólk verði að uppfylla. Ráðherra mun krefjast þess að græðarar hafi lært líffæra-, lífeðlis- og sjúkdómafræði, sem flestir félagar hafa nú þegar gert, en auk þess verður gerð krafa um siðfræði heilbrigðisstétta, heilbrigðisfræði og skyndihjálp. Rétt hefur verið um að reyna að fá því framgengt að s.k. sólarlagsákvæði muni gilda um græðara sem starfað hafi í lengri tíma. Anne May Sæmundsdóttir upplýsti að sums staðar á Norðurlöndunum fengju menn frest til að afla sér þess sem upp á vantar, nema þeir hafi starfað þeim mun lengur, þá eru þeir alfarið undanþegnir nýrri kröfum.

Gert var hlé á fundinum kl 20:45 til 21:10.

8. Skýrsla NSK-fulltrúa

Anne May hefur farið á tvo fundi frá síðasta bandalagsþingi. Annar var haldinn í Ósló í Noregi sl. haust í tengslum við 10 ára afmæli bandalags norskra græðara, NNH. Hinn var í Hróarskeldu í Danmörku.

Á fundunum var rætt um gæðatryggingakerfi, sem er komið á alls staðar nema í Svíþjóð og Finnlandi, en í Finnlandi starfar ekkert allsherjarbandalag græðara. Skráningarkerfið tók til starfa 1. september sl. haust í Noregi. Þar þurfa umsækjendur um skráningu að skila skattskýrslu og sýna fram á nettótekjur sem nema 50.000 NKR, sem nemur um ½ milljón íslenskra. Danir eru þó lengst komnir í starfrækslu skráningarakerfis og hafa m.a. samið við tryggingafélag. Anne May fékk afsvar við fyrispurn um hvort félagið tæki að sér að tryggja græðara annars staðar á Norðurlöndum.

Sænsku fulltrúarnir Susanne Nordling og Karin Dutina sóttu fund Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á Ítalíu. Formenn íslensku bandalagsfélaganna hafa þegar fengið skýrslu um hann. Svíar hafa fjármagnað ferðir þeirra fram að þessu en nú tóku Norðmenn þátt í kostnaði og finnst, ásamt Dönnum mikilvægt að vera með, enda gæti reynst erfitt að komast inn fyrir þröskuldinn seinna meir.

Gefinn verður út bæklingur um NSK á öllum Norðurlandamálunum og ensku til kynningar á starfseminni. Hann hefur þegar verið þýddur á íslensku.

Norðmenn tóku að sér rannsókn sem felst í könnun meðal græðara, en hingað til hafa kannanir aðallega farið fram meðal viðskiptavina þeirra. Þingfulltrúum var sent eintak af könnuninni með þingskjölum. Anne May lagði áherslu á að fá svör fyrir lok þessa mánaðar þar sem niðurstöðurnar munu birtast í fagritum og verða mikilvægar heimildir. Sigrún Sól lofaði að senda skjalið formönnum aðildarfélaga aftur, nú á þannig formi að hægt sé að senda það til baka með svörunum í.

Svíar leggja mikið upp úr muninum á vellíðunarmedhöndlun (*friskvård*) og meðhöndlun sjúkra (*sjukvård*) og vilja menntun græðara sem allra mesta í fögum, sem tilheyra hefðbundnum lækningum, til að geta meðhöndlað sjúka. Ákveðið hefur verið að láta Svía eina um að afla reynslu af þessu til að byrja með. Danir hafa stofnað sérstakt félag um vellíðunarmedferð.

Umræður sköpuðust í framhaldi af þessu um hversu langt græðarar eigi að ganga í að læra fög sem tilheyra hefðbundnum lækningum. Dagný sagði sænsku aðferðina vera yfirlýsingu um að óhefðbundnar lækningar virki ekki nema þær séu notaðar á hefðbundinn hátt og hnykkti á að græðarar megi ekki missa trú á eigin heimspeki, svíkja hugsjónina og fara að selja sig. Anne May sagði danska lækna og hjúkrunarfræðinga, sem lært hafa óhefðbundin fög, ekki vilja vera með græðurum í félagi og hafi stofnað eigin félag.

Anne May lagði fram á fundinum í Danmörku 62. síðna skýrslu heilbrigðisráðherra um græðara og starfsemi þeirra á Íslandi. Samantekt Dagnýjar á ensku fylgdi með. Þetta vakti mikla athygli annarra fundarmanna.

Næsti fundur verður haldinn í haust á Íslandi, þar sem saman fara 5 ára afmæli BÍG og NSK. Þá verða lög NSK endurskoðuð og lýst var eftir tillögum til lagabreytinga.

Vegna ágreinings mættu til fundar tveir nýir, danskir fulltrúar. Í Danmörku er aðildin að NSK í endurskoðun. Einnig hefur komið í ljós að þar gilda reglur um að hámarksfjöldi aðildarfélaga í regnhlífarsamtökum sé fimm.

Í Danmörku aukast rannsóknir í sífellu. Rannsóknasetrið þar, VIFAB, fékk nýlega 10 milljónir danskra króna í styrk. Stirt er á milli Norðmanna og Dana vegna samkeppni um rannsóknir.

Anne May bað um að fá fastan tengilið hjá hverju aðildarfélagi BÍG. Samþykkt var að ritari hvers félags taki það að sér. Félögin skuli senda henni nafn og netfang.

Farið var fram á að menntunarkröfur hvers félags séu tiltækar á íslensku og ensku. Bent var á nauðsyn þess að skilgreina hversu margar klukkustundir eða mínútur í kennslu og vinnu séu á bak við hverja einingu, hvort sem það sé í menntaskóla eða á háskólastigi.

Að lokum þakkaði Anne May Hallfríði Maríu Pálsdóttur fyrir að vera varamaður sinn og bauð Sigrúnu Sigurðardóttur velkomna sem nýjan varamann.

9. Árgjald

Samþykkt var tillaga frá gjaldkera um að árgjald verði áfram kr. 1.500 fyrir hvern félagsmann í aðildarfélagi.

10. Kosning formanns

Sigrún Sól Sólmundsdóttir óskaði ekki eftir endurkjöri sem formaður, en enginn bauð sig fram til starfans í hennar stað. Samþykkt var að halda haustþing fyrir septemberlok til að hægt verði að kjósa formann og að þangað til sinni nýkjörinn formaður Organon, Anna Birna Ragnarsdóttir, formannsskyldum.

11. Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn voru kjörnar Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir og Hallfríður María Pálsdóttir, til vara er Halla Matthildur Eiríksdóttir.

12. Önnur mál

Sigrún Sól tilkynnti að tvö félög græðara hafi sótt um aðild að BÍG, Aromatherapyfélag Íslands og Shiatsufélag Íslands. Aromatherapyfélagið er tiltölulega nýstofnað með 20 fullgilda ilmólíufræðinga sem félagsmenn og 10 áhugamenn/nema. Námið er tvö ár, bóklegt og verklegt, auk heilbrigðisgreina. Að skoðun laga, siðareglna og annarra formsatriða lokinni samþykkti þingið að félaginu yrði veitt inn-ganga í bandalagið. Shiatsufélag Íslands var stofnað 9. apríl og hefur þrjá félagsmenn, þar af einn sem bæði situr í stjórn og er formaður siðanefndar. Samþykkt var að veita félaginu inngöngu í bandalagið með þeim fyrirvara að félagið velji einn af þremur kostum: a) að semja við siðanefnd hliðstæðs félags um að það taki að sér störf siðanefndar Shiatsufélagsins, b) að semja við BÍG um að hægt sé að skjóta málum til þess og að fulltrúi Shiatsufélagsins hjá BÍG víki á meðan, c) fækka stjórnarmönnum í tvo, þar sem annar gegni bæði störfum gjaldkera og ritara, til að formaður siðanefndar komist hjá stjórnarsetu. Stjórn BÍG var falið að ganga frá þessu máli og taka það svo upp á haustþingi til endanlegrar afgreiðslu. Eru þá aðildarfélög BÍG orðin tíu talsins.

BÍG hefur fengið mann hjá Tryggingamiðstöðinni til að hanna tryggingu fyrir græðara. Sigrún Sól og Dagný tóku þetta mál að sér með aðstoð frá lögfræðingi BÍG,

Haraldi Flosa Tryggvasyni, auk þess sem fyrirmynd fékkst frá Danmörku gegn um NSK.

Samþykkt var tillaga um að formanni BÍG verði launað starfið með eingreiðslu að upphæð 150.000 kr. í desember vegna vinnutaps, símakostnaðar o.fl. Einnig var samþykkt með lófataki að fráfarandi formanni verði launað á sama hátt.

Sigrún Sól hóf máls á því að nú lægi á að hefja undirbúning skráningar. Formaður og lögfræðingur BÍG eiga bókaðan fund með Margréti Erlendsdóttur, tengilið okkar í Heilbrigðisráðuneytinu, og Sólveigu Guðmundsdóttur yfirlögfræðingi. Gerðar verða kröfur um almennilega aðstöðu frá byrjun og nóg fjármagn, skrifstofu, gott skráningarkerfi og ritara, enda er boltinn hjá okkur og liggur á að móta kröfur áður en fjárlagafrumvarp er samið.

Þar sem næsti NSK-fundur verður hérlendis 21.-23. október er upplagt að nota tækifærið og vekja athygli á störfum græðara hérlendis og Norðurlandasamstarfinu. Hugmyndir eru uppi um að halda opna ráðstefnu í Lögbergi í Háskóla Íslands þann 22., þar sem það sem er sérstakt fyrir Ísland verði kynnt með erindum, t.d. lúpínuseyði, hvannarextrakt, Penzim, lýsi og omega-3, græðikrem, fjallagrasahálastöflur, íslenskt bygg og olíur, höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð í Bláa lóninu, rannsóknir Háskólans á vallhumli, doktorsritgerð sem Þórey Gunnarsdóttir er að skrifa um svæðameðferð, lýsingar Erlu Stefánsdóttur á álfabyggðum o.fl. Auk þess gefist hverju aðildarfélagi færi á að kynna sig og að lokum er hægt að hafa pallborðsumræður. Einnig verður kvöldverður og ball. Lagt var til að hvert aðildarfélag byði þingmönnum sínum og mökum þeirra í málsverðinn og á ballið sem þakklætisvott fyrir þingstörf. Í undirbúningsnefnd til aðstoðar Önnu May voru kjörnar Jarprúður Jónasdóttir, Emelía Hildur Einarsdóttir og Arnhildur Sesselja Magnúsdóttir.

Minnt var á grænu slaufuna. Þeir sem nota hana verða varir við mikinn áhuga. Hægt er að nota NSK-fundinn og afmælisdag BÍG til að vekja athygli með greinaskrifum í blöð og sölu á slaufunni, t.d. í Kringlunni.

Spurt var um neytendafélag heildrænna meðferða, sem rætt var um að stofna fyrir um fjórum árum. Enginn hefur fundist sem er viljugur að taka undirbúningsvinnuna á sig en græðarar hvattir til að hafa augun opin fyrir álitlegu fólki. Mikilvægt er að rödd neytenda heyrst þar sem líklegra er að hlustað sé á kröfur þeirra en græðara sjálfra um niðurgreiðslur og tryggingar.

Spurt var um tilganginn með sjúkraskýrslugerð. Það kom fram að hann væri fyrst og fremst sá að skjalfesta framfarir vegna meðferðarinnar en fyrr eða síðar myndi koma að því að læknir myndi fara fram á að fá að sjá skýrslu sjúklings. Birna upplýsti að hún hefði þegar gefið skýrslu vegna tryggingamáls að beiðni sjúklings.

Úr stjórn BÍG hafa gengið Dagný Elsa Einarsdóttir, Eygló Benediktsdóttir, Katrín Ingibergsdóttir, Hanna Jósafatsdóttir og Sigrún Sól Sólmundsdóttir. Nýja stjórn BÍG skipa eftir þennan fund: formaður Anna Birna Ragnarsdóttir (Organon), Linda Björk Birgisdóttir (SMFÍ), Ólafur Þór Jónsson (CSFÍ), Lilja Oddsdóttir (FL), Guðbrandur Einarsson (FÍHN), Dagmar Jóhanna Eiríksdóttir (AFÍ), Hanna Sigurðardóttir (Cranio) og Ásta Agnarsdóttir (SSOVÍ). Auk þeirra eru væntanlegir tveir fulltrúar frá nýju aðildarfélagnum.

Hallfríður færði Sigrúnu Sól gjöf frá BÍG sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf. Á móti færði Sigrún stjórnarmönnum rósir.

13. Þingslit

Stjórn BÍG var að lokum þakkað óeigingjarnt starf í þágu okkar allra. Þingi var slitið kl. 22:45.

Birna Imsland
þingritari

Staðfest: Anna Birna Ragnarsdóttir
formaður

Þingið sátu:

Frá Cranio, félagi höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara:

- Halla Matthildur Eiríksdóttir
- Hanna Sigurðardóttir
- Jóhanna Ragnarsdóttir
- Ragnheiður Guðnadóttir

Frá Craniosacralfélagi Íslands, CSFÍ:

- Anne May Sæmundsdóttir
- Erla Ólafsdóttir
- Hallfríður María Pálsdóttir
- Hanna Sigríður Jósafatsdóttir

Frá Félagi íslenskra heilsunuddara, FÍHN:

- Guðlaug Margrét Steinsdóttir
- Guðrún Jónína Sveinsdóttir
- Laufey Sigurðardóttir
- Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir

Frá Félagi lithimnufræðinga, FL:

- Lilja Oddsdóttir
- Rannveig Björnsdóttir

Frá Acupunktúrfélagi Íslands, AFÍ:

- Dagmar J. Eiríksdóttir

Frá Organon, fagfélagi hómópata:

- Anna Birna Ragnarsdóttir
- Birna Imsland
- Dagný Elsa Einarsdóttir

Frá Sambandi svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi, SSOVÍ:

- Arnhildur Sesselja Magnúsdóttir
- Emelía Hildur Einarsdóttir
- J. Eygló Benediktsdóttir

Frá Svæðameðferðarfélagi Íslands, SMFÍ:

- Jarþrúður Jónasdóttir
- Katrín Ingibergsdóttir
- Linda Björk Birgisdóttir
- Sigrún Sól Sólmundsdóttir

Auk þess fundarritari:

- Olga Sverrisdóttir